

Lagt fyrir fund velferðarráðs 13. ágúst 2026

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um aðgerðaáætlun um lækkun veikindahlutfalls í búsetupjónustu

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að vinna aðgerðaráætlun um lækkun fjarvistahlutfalls í búsetupjónustu. Aðgerðaráætlunin taki mið af eftirfarandi:

Í fyrsta lagi verði farið yfir veikinda- og yfirvinnuþróun á öllum heimilum í búsetupjónustu og þannig greint hvar fjarvistavandinn er hvað mestur, svo hægt sé að beina aðgerðum þangað fyrst. Í öðru lagi verði gerð mælanleg árleg markmið um lækkun veikindahlutfalls með lokamarkmiðið að ná hlutfallinu niður í 5% eða lægra. Í þriðja lagi verði innleidd markviss viðverustefna á öllum heimilum, þar á meðal skýrt verklag um tilkynningu veikinda, fjarvistarsamtöl þegar veikindi fara yfir ákveðið viðmið og áætlanir um endurkomu í vinnu. Í fjórða lagi verði metið hvort aukið hlutfall faglærðs starfsfólks, hærra meðalstarfshlutfall og markvissar starfsþróunaráætlanir geti stuðlað að lækkun fjarvistahlutfalls til lengri tíma.

Árangur verði mældur árlega og borinn saman við sett markmið. Skýrsla verði lögð fram fyrir velferðarráð.

Greinagerð

Eðli búsetupjónustu er slíkt að fjarvistir starfsmanna leiða nánast alltaf til yfirvinnu eða ráðningar afleysinga. Þetta hækkar launakostnað, minnkar gæði þjónustu og dregur athygli stjórnenda frá þróunarverkefnum.

Veikindahlutfall í búsetupjónustu Reykjavíkurborgar hefur farið hækkandi á undanförnum árum og var komið í 8,5% á fyrsta ársfjórðungi 2026. Launafrávik búsetupjónustu á tímabilinu skýrðist að mestu af yfirvinnu vegna hás veikindahlutfalls. Lækkun veikindahlutfalls um eitt prósentustig myndi skila verulegum árlegum sparnaði í rekstri án þess að þjónustuumfang minnki og jafnframt bæta gæði þjónustu.

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að gera aðgerðaráætlun þar sem farið er yfir veikinda- og yfirvinnuþróun á öllum heimilum, mælanleg árleg markmið sett og innleidd markviss viðverustefna á öllum heimilum með skýrum verklagsreglum um tilkynningu veikinda og fjarvistarsamtöl. Árangur verði mældur árlega og skýrsla lögð fram fyrir velferðarráð.